

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/852/EB frá 13. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2005/5/EB að því er varðar samanburðartilraunir og -prófanir á vegum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/853/EB frá 13. desember 2007 um að halda áfram á árinu 2008 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2005, á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/5/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32007 D 0852**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/852/EB frá 13. desember 2007 (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 57).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 50. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/66/EB):
„51. **32007 D 0853**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/853/EB frá 13. desember 2007 um að halda áfram á árinu 2008 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2005, á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 59).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 57.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 59.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/852/EB og 2007/853/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.